UPPSKRIFT

Ungbarnasokkar

navia

Stærðir: 3-6 mánaða
Garn: Navia Uno ljósgrátt N12, Navia Uno bleikt (ljóst) N132, Navia Uno milligrátt N13
Garn Magn: 20g ljósgrátt – 3g milligrátt – 10 g bleikt (ljóst)
Prjónar: 2 sokkaprjónar nr. 3½, heklunál nr. 3
Prjónafesta: 24 lykkjur slétt á prjóna nr. 3½ = 10 cm í breidd
Byrjið undir miðri il. Fitjið upp 56 lykkjur með prjón nr. 3½. Prjónið slétt 20 umferðir = 10 garðarprjónar. Prjónið 24 lykkjur slétt (fyrir eina hlið á sokkunum) og setjið þá á hjálparprjón. Prjónið 8 lykkjur slétt og setjið restina, sem eru 24 lykkjur, á hjálparprjón (fyrir hina hliðina á sokknum). Prjónið núna fram og til baka slétt yfir 8 lykkjurnar en síðasta lykkjan á hvorum prjón er prjónuð saman með hliðarlykkjunum. Haldið áfram þangað til það eru 15 lykkjur eftir á hvorri hlið. Gerið svona yfir allar 38 lykkjurnar: Prjónið fram og til baka í sléttu þangað til það eru komnir 4 garðaprjónar. Prjónið gataprjón svoleiðis: *3 sléttar, slá upp 2 sinnum á prjóninn og 3 sléttar saman *. Endurtakið frá * til * út prjóninn en endið með 2 lykkjur slétt.
Prjónið næsta prjón slétt, hvert band sem slegið var upp verða 2 sléttar lykkjur, á sama tíma takið 1 lykkju inn þangað til það verða 37 lykkjur. Prjónið núna mynstur eftir teikningunni 5 sinnum. Endið með 4 sléttar umferðir = 2 garðaprjónar. Fellið laust af.
Band: Heklið með tvöföldu Navia Uno Bleiku (ljóst) garni með heklunál nr. 3 og gerið bandið 50 cm.
Frágangur: Saumið sokkinn samann og þræðið bandið í sokkinn.
Þvottur: Þvoið sokkana í volgu vatni. Eftir það leggið sokkana á handklæði.

	×						×						×						×		
×		×				×		×				×		×				×		×	
	×						×						×						×		
				×						×						×					
			×		×				×		×				×		×				
				×						×						×					
	×						×						×						×		
×		×				×		×				×		×				×		×	
	×						×						×						×		
				×						×						×					
			×		×				×		×				×		×				
				×						×						×					
	×						×						×						×		
×		×				×		×				×		×				×		×	
	×						×						×						×		

× milligrátt lysegrá